

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna þeirrar ákvörðunar að ekki verði leyfðar veiðar á rækju í Ísafjarðardjúpi á þessum vetri.

Rækjuveiðar og vinnsla hafa verið stundaðar við Ísafjarðardjúp frá árinu 1935 og skipta samfélagið hér miklu máli. Árlegur rækjuafli úr Ísafjarðardjúpi hefur iðulega verið á bilinu 1700-2500 tonn og farið upp í 3000 tonn. Það er því grafalvarlegt mál fyrir samfélagið hér að ákveðið hafi verið að rækjuveiðar verði bannaðar í Ísafjarðardjúpi og Arnarfirði, vertíðina 2017-2018.

Síðast þegar rækjuveiðar voru bannaðar í Ísafjarðardjúpi stóð það bann í 9 ár. Vert er að minnast þess að Arnarfjörður og Ísafjarðardjúp eru síðustu tvö innfjarðarrækjusvæðin sem nýtt eru við Ísland, af átta skilgreindum innfjarðarrækjustofnum við landið. Alger friðun á hinum svæðunum sex, í hart nær tvo áratugi, hefur engum árangri skilað í uppbyggingu rækjustofnanna en er hinsvegar á góðri leið að gera út af við atvinnugreinina á viðkomandi svæðum.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hvetur Ríkisstjórn Íslands til að tryggja Hafrannsóknarstofnun fjármagn til að efla rækjurannsóknir við Ísland og Ísafjarðardjúp sérstaklega til að skilja megi til hlýtar ástæður lítillar nýliðunnar. Umrædd atvinnugrein skiptir miklu máli fyrir samfélagið við Djúp og því mikilvægt að vandað sé til verka með það að markmiði að hægt sé að stunda sjálfbærar veiðar í atvinnuskyni.